




Norður-Atlantshafsbekkurinn (Nord-Atlantisk gymnasiumklasse), NGK, er nýjung fyrir ungmenni á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og í Danmörku, sem hafa áhuga á að mennta sig á Norður-Atlantshafssvæðinu. Nemendur munu mynda bekk sem á þremur árum fær bæði faglegt og menningarlegt framlag frá fjórum löndum. Að auki fá þeir aðgang að einstakri námsbraut sem inniheldur meðal annars líftækni, stærðfræði og norðurskautstækni.



Allir nemendur bekkjarins hljóta danskt stúdentspróf af náttúrufræðibraut. Þar að auki fá nemendur haldgóða þekkingu á öðrum menningarsvæðum því þeir koma til með að búa og sækja skóla í öllum fjórum löndunum. Kristoffer Høj Sidenius, rektor í Gribskov Gymnasium í Danmörku er verkefnisstjóri Norður Atlantshafsbekkarinn. Hann telur mikla möguleika felast í því að ganga í skóla og stunda félagslíf í öðrum norrænum löndum og að það muni nýttast ungmennunum vel við val á framhaldsmenntun og framtíðarstörfum.

„Nemendur fá ekki einungis innsýn í samfélag, menntun og menningu annarra landa. Bekkurinn sem heild fær mun dýpri samfélagslegt og menningarlegt uppeldi því þeir búa og ganga í skóla, t.d. á Grænlandi í heilt ár. Þeir verða hluti af samfélaginu og menningunni,“ segir Kristoffer Sidenius og heldur áfram: „Að mynda bekk með 28 nemendum frá þessum fjórum löndum, er bæði einstakt og framsýnt. Menntaskólaárin snúast um upplifun og menntun fyrir lífið og undir því getur Norður-Atlantshafsbekkurinn svo sannarlega staðið.“



### Nemendur eru þegar farnir að sýna áhuga

Hin einstaka nýja námsbraut sem inniheldur meðal annars líftækni, norðurskautstækni auk stærðfræði á efsta þrepi, er þegar farin að vekja áhuga meðal ungmenna. Björn Rafnar Ólafsson frá Reykjavík, getur vel hugsað sér að verða nemandi í Norður-Atlantshafsbekknun næsta sumar. „Mér finnst það

mjög spennandi tilhugsun að ferðast á milli í blönduðum norrænum bekk, þar sem þú ert í skólum í mörgum löndum og kynnist t.d. fólki frá Grænlandi og Færeyjum.“ Björn er fæddur í Danmörku, hefur búið á Grænlandi og vill gjarnan kynnast Færeyjum. Þótt hann geri ráð fyrir að sakna fjölskyldunnar á Íslandi ætla hann samt að sækja um inngöngu í Norður-Atlantshafsbekkin. „Þetta verður meiri upplifun, það verður frábært að kynnast Færeyjum og ég hef engar áhyggjur því ég er búinn að tala við tvo góða vini um að sækja líka um skólann í mars á næsta ári,“ segir Björn.



### Unga fólkið mun skapa nýju Norður-Atlantshafstengslin

Það er einmitt eitt af markmiðum Norður-Atlantshafsbekkarinn að ungmenni á þessu svæði kynnist hvert öðru og myndi tengsl þvert á löndin. Það er sterk tilhneiging meðal ungmenna að ferðast frekar suður á bóginn en til Íslands, Færeyja, Grænlands og Danmerkur.

NGK býður upp á tengsl í heimshluta sem við vitum að mun skipta miklu máli í framtíðinni varðandi efnahag, þróun, þróunarvinnu osfrv.:

„Það verður ómetanlegt að fylgjast með ungmennunum. Munu þau setjast að í einhverju landanna, stunda háskólanám þar og stuðla að þróun þvert á landamæri? Hvernig þetta verkefni mun þróast vitum við ekki en ég er sannfærður um að það muni eiga sinn þátt í að styrkja tengslin og samböndin á Norður-Atlantshafssvæðinu,“ segir Kristoffer Høj Sidenius í Gribskov Gymnasium.

Hvort þetta verður til frambúðar mun koma í ljós. Það er að minnsta kosti von allra fjögurra framhaldsskólanna að geta boðið sambærilega menntun í framtíðinni. „Það er von mín að eftir 5 ár stöndum við með varanlega menntun sem dregur að fleiri og fleiri nemendur, og sem getur vaxið og bætt við sig brautum. Það er þó ekki síður mikilvægt að við munum öðlast reynslu sem við njótum góðs af við sambærileg verkefni. Menntunarfélagið á framhaldsskólastigi þarf að verða framsækjari svo að fleiri geti kastað sér út í sambærileg verkefni eins og Norður-Atlantshafsbekkurinn er nú að gera,“ segir Kristoffer að lokum.



### Ferlið – Þú hefur námið í Danmörku og lýkur því á Grænlandi

Menntaskólarnir fjórir eru búnir að skipuleggja framvinduna. Námið byrjar í Danmörku í Gribskov Gymnasium og þar munu nemendurnir frá Íslandi, Færeyjum Danmörku og Grænlandi vera í 1. bekk. Nemendur munu búa í nýjum unglingshúsum við hliðina

á skólanum. Það er Gribskov Gymnasium sem stendur fyrir byggingunni ásamt sveitarfélaginu. Frá Danmörku fer bekkurinn síðan til Færeyja í 2. bekk á haustönn í Miðnám menntaskólann í Kamsbdal. Nemendurnir búa hjá færeyskum fjölskyldum á Austureyju. Á vorönn í 2. ári verður bekkurinn í Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík. Hér búa nemendur einnig hjá íslenskum fjölskyldum. Á síðasta og 3. ári verður bekkurinn í GUX menntaskólanum í Sisimiut á Grænlandi. Þar búa nemendur á stúdentagarði í Sisimiut, sem er á vesturströnd Grænlands.

### Nánari upplýsingar:

Horfðu á myndband um NGK á <https://www.nordatlantisk.dk/>  
 Hafðu samband við [verslo@verslo.is](mailto:verslo@verslo.is)